



Guðmundur Hörður Guðmundsson
Ægisíða 105
107 Reykjavík

UMHVERFIS- OG
AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 101 Reykjavík
sími: 545 8600 postur@uar.is
umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 2. september 2021
Tilv.: UMH21060020/2.2

Hér með ert þú skipaður í stjórn loftslagssjóðs til næstu tveggja ára, skv. 31. gr. laga nr. 70/2012 um loftslagsmál.

Hlutverk sjóðsins er að styðja við nýsköpunarverkefni á sviði loftslagsmála og verkefni sem lúta að kynningu og fræðslu um áhrif loftslagsbreytinga. Styrkir til nýsköpunarverkefna eru ætlaðir m.a. til þess að styrkja rannsóknir og þróunarstarf í tengslum við aðlögun og innleiðingu á nýjum loftslagsvænum tæknilausnum og hönnun.

Stjórnin tekur ákvarðanir um úthlutanir úr sjóðnum í samræmi við reglur sjóðsins. Stjórninni er heimilt að framselja óháðum aðila fjárhagslega umsýslu sjóðsins samkvæmt samningi. Ákvarðanir sem teknar eru um að veita styrki úr loftslagssjóði eru endanlegar á stjórnarsýslustigi. Ráðherra skal setja loftslagssjóði reglur þar sem m.a. skal kveðið á um umsóknir, mat þeirra og málsmeðferð. Þar skulu koma fram skilyrði umsókna og áherslur sjóðsins.

Stjórnin er þannig skipuð:

Hildur Knútsdóttir, formaður, skipuð án tilnefningar,
Helga Barðadóttir, skipuð án tilnefningar frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu,
Guðmundur Hörður Guðmundsson, tilnefndur af umhverfisverndarsamtökum,
Jón Ólafsson, tilnefndur af Samstarfsnefnd háskólastigsins,
Hugrún Elvarsdóttir, tilnefnd af Samtökum atvinnulífsins.

Guðmundur Ingi Guðbrandsson

Sigríður Auður Arnardóttir

Ljósrit: Tilnefningarteymi umhverfis- og náttúruverndarsamtaka